

GREIÐSLUAÐLÖGUN



Umboðsmaður
skuldara

Umboðsmaður skuldara veitir einstaklingum sem eiga í greiðsluferfiðleikum ókeypis ráðgjöf.

Allir geta lent í þeim aðstæðum að ráða ekki lengur við fjárhagsskuldbindingar sínar. Ýmsar ástæður geta legið að baki t.d. lækkaðar tekjur, veikindi eða skilnaður.

Hver sem ástæðan er, er mikilvægt að bregðast við sem fyrst og ná jafnvægi á milli skulda og greiðslugetu.

Greiðsluaðlögun einstaklinga er lögbundið úrræði sem á að gera einstaklingum í verulegum greiðsluferfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín þannig að raunhæft sé að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

HVAÐ ER GREIÐSLUAÐLÖGUN?

Greiðsluaðlögun er úrræði fyrir einstaklinga í verulegum fjárhagserfiðleikum og byggist á lögum nr. 101/2010. Með milligöngu umboðsmanns skuldara er leitast við að ná samningi við kröfuhafa með það að markmiði að koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

HVERJIR GETA LEITAÐ GREIÐSLUAÐLÖGUNAR?

- Einstaklingar sem sýna fram á að þeir séu eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófærir um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar.
- Hjón og einstaklingar í sambúð geta sótt um saman en það er ekki skylda.
- Einstaklingar sem eiga lögheimili og eru búsettir hér á landi. Undantekning: Ef umsækjandi er tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda.

TEKUR GREIÐSLUAÐLÖGUN TIL ALLRA KRAFNA?

Samkvæmt lögum eru ákveðnar kröfur undanskildar. Greiðsluaðlögun tekur t.d. ekki til námslána, meðlagsskulda, fésekta, skaðabótakrafna, vangoldinna krafna vegna virðisaukaskatts og afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda.

ATH: Hægt er að leggja til í greiðsluaðlögunarsamningi að afborganir og vextir af námslánum falli niður á greiðsluaðlögunartímabili. Með samningi um greiðsluaðlögun er námslánum komið í skil.

HVERNIG ER SÓTT UM GREIÐSLUAÐLÖGUN?

Fyrsta skrefið er að fylla út umsókn sem heitir „Aðstoð vegna fjárhagsvanda“. Umsóknin er rafræn og er á heimasíðu embættisins, www.ums.is. Notast þarf við rafræn skilríki eða Íslykil. Í kjölfar umsóknar leggur umboðsmaður skuldara mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og hvort greiðsluaðlögun gæti leyst úr fjárhagsvanda viðkomandi.

HVAÐA GÖGN ÞARF AÐ LEGGJA FRAM?

Þegar umsókn hefur verið lögð fram mun embættið annast að meginstefnu til alla gagnaöflun. Í því felst að embættið óskar eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum um fjárhagsstöðu umsækjanda, m.a. frá kröfuhöfum. Umboðsmaður skuldara getur þó óskað eftir að umsækjandi afhendi ákveðin gögn sem honum er einum unnt að veita. Vakin skal athygli á því að það er skilyrði að umsækjandi hafi skilað inn fjórum síðustu skattframtölum til Ríkisskattstjóra, hafi viðkomandi verið búsettur á Íslandi.

FERLI UMSÓKNAR

Á umboðsmanni skuldara hvílir rannsóknarskylda. Embættið kann því að beina spurningum til umsækjanda og/eða óska eftir frekari gögnum til þess að kanna hvort umsókn uppfylli skilyrði laga nr. 101/2010. Mjög mikilvægt er að umsækjandi svari eftir bestu getu spurningum umboðsmanns skuldara og útvegi öll þau gögn sem óskað er eftir.

Ef umsókn er synjað:

Þá er hægt að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála innan tveggja vikna.

Ef umsókn er samþykkt:

Skipaður er umsjónarmaður, lögfræðingur á vegum embættisins sem annast samningaviðræður við kröfuhafa. Samhliða hefst tímabundin frestun greiðslna, svokallað greiðsluskjól. Gefin er út innköllun í Lögbirtingablaði þar sem kröfuhafar fá fjórar vikur til þess að lýsa kröfum sínum. Þeir kröfuhafar sem lýsa kröfum hafa andmælarétt gegn tillögu að samningi.

HVAÐ GETUR KOMIÐ Í VEG FYRIR AÐ UMSÓKN VERÐI SAMÞYKKT?

Í lögum er kveðið á um ýmsar aðstæður sem geta leitt til synjunar, t.d. :

- Fjárhagur umsækjanda er ekki nægilega skýr, s.s. ef það vantar gögn eða upplýsingar.
- Umsækjandi stofnaði til skulda þegar hann var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar.
- Umsækjandi hagaði fjármálum sínum á verulegan ámælisverðan hátt eða tók fjárhagslega áhættu sem var ekki í samræmi við fjárhagsstöðu.
- Umsækjandi skuldar of háar fjárhæðir vörsluskatta, fésekta eða skaðabótakrafna.
- Umsækjandi hefur á ámælisverðan hátt látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar.

HVAÐ FELST Í FRESTUN GREIÐSLNA?

Frestun greiðslna varir frá því að umsókn er samþykkt þar til samningur um greiðsluaðlögun tekur gildi eða greiðsluaðlögunarmáli lýkur með öðrum hætti.

Ákveðnar skyldur eru lagðar á skuldara og kröfuhafa hans á meðan frestun greiðslna varir.

Helstu skyldur skuldara:

- Skuldari þarf að leggja til hliðar af tekjum sínum, sbr. útreiknaða greiðslugetu sem umboðsmaður skuldara reiknar út. Ef greiðslugeta er neikvæð þarf skuldari ekki að leggja fjármuni til hliðar.
- Skuldari má ekki láta af hendi, selja eða veðsetja eignir sem geta gagnast kröfuhöfum sem greiðsla.
- Skuldari má ekki stofna til nýrra skulda, nema skuldbindingin sé nauðsynleg til framfærslu.
- Skuldari má ekki greiða af skuldum sínum en greiðir þó af ákveðnum kröfum sem falla á gjalddaga í greiðsluskjóli, sbr. nánari leiðbeiningar sem skuldari fær.

Helstu skyldur kröfuhafa:

- Kröfuhafi má ekki krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum.
- Kröfuhafi má ekki gera fjárnám eða fá eignir seldar nauðungarsölu.
- Kröfuhafi má ekki fá bú skuldarans tekið til gjaldþrotaskipta.
- Kröfuhafi má ekki krefja ábyrgðarmenn um greiðslu skulda.

GETA EIGNIR VERIÐ SELDAR Í GREIÐSLUAÐLÖGUN?

Umsjónarmaður getur ákveðið að þörf sé á að selja eignir sem hann telur af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduástandi að skuldari getur verið án. Sala eigna fer fram í samráði við skuldara og sé skuldari mótfallinn sölnunni getur það leitt til þess að heimild til að leita greiðsluaðlögunar verði felld niður.

HVERNIG GANGA SAMNINGAVIÐRÆÐUR FYRIR SIG?

Umsjónarmaður semur í samráði við skuldara tillögu að samningi um greiðsluaðlögun. Tillagan er síðan send til kröfuhafa til samþykkis. Ef kröfuhafar andmæla ekki tillögunni, kemst á samningur um greiðsluaðlögun.

Þeir kröfuhafar sem sendu embættinu kröfulýsingar innan frests, hafa andmælarétt gagnvart tillögum umsjónarmanns. Ef kröfuhafar andmæla tillögu að samningi, reynir umsjónarmaður frekari samningaviðræður með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.

Náist ekki samningur getur skuldari lýst því yfir að hann vilji leita nauðasamnings og/eða tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna, en það felur í sér að héraðsdómur þarf að kveða upp úrskurð um hvort samningar verði þvingaðir á gagnvart kröfuhöfum.

HVERNIG ER GREIÐSLUGETA SKULDARA FUNDIN ÚT?

Greiðslugeta skuldara er fundin út með því að draga framfærslukostnað frá samanlögðum tekjum, hér er átt við allar tekjur sem skuldari kann að hafa s.s. barnabætur, húsnæðisbætur, meðlagsgreiðslur, barnalífeyri o.s.frv.

Framfærslukostnaður miðast við framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara út frá fjölskyldustærð ásamt ákveðnum útlögðum kostnaði skuldara (s.s. vegna húsaleigu, skóla og dagvistunar barna, trygginga).

HVAÐ GETUR SAMNINGUR UM GREIÐSLUAÐLÖGUN FALIÐ Í SÉR?

Umsjónarmaður setur fram tillögu að samningi sem miðast við fjárhagsstöðu skuldara á þeim tíma sem málið er í vinnslu og mati á framtíðarhorfum. Markmið greiðsluaðlögunar er að ná jafnvægi milli skulda og greiðslugetu.

Í samningi skal kveða á um lengd greiðsluaðlögunartímabils, en það er að jafnaði eitt eða tvö ár.

Ef skuldari er með greiðslugetu:

Greiðslum, sem nema mánaðarlegri greiðslugetu, er miðlað til kröfuhafa í samræmi við ákvæði laga um greiðsluaðlögun. Það fer svo eftir mati á fjárhagsstöðu skuldara hvort þörf er á að semja um niðurfellingu samningskrafna (óveðtryggðra krafna), að hluta eða öllu leyti, við lok greiðsluaðlögunartímabils. Ekki er alltaf þörf á að semja um eftirgjöf samningskrafna.

Ef skuldari er **ekki** með greiðslugetu:

Sé skuldari ekki með greiðslugetu er ekki kveðið á um mánaðarlegar greiðslur inn á kröfur í greiðsluaðlögunarsamningi. Ef greiðsluvandi skuldara er talinn tímabundinn eða óvissa ríkir um framtíðartekjur skuldara, er reynt að semja um greiðslufrest á kröfum í ákveðinn tíma. Sé breytinga ekki að vænta á högum skuldara kann að vera þörf á að semja um niðurfellingu samningskrafna (óveðtryggðra krafna), ýmist strax við gildistöku samnings eða að greiðsluaðlögunartímabili loknu. Það ræðst því af mati á fjárhagsstöðu skuldara, hvort samið er um eftirgjöf samningskrafna, að hluta eða öllu leyti.

ER HÆGT AÐ FÁ EFTIRGJÖF Á VEÐSKULDUM?

Ekki er kveðið á um niðurfellingu á veðskuldum í greiðsluaðlögunarsamningi, nema ef eign skuldara telst yfirveðsett að greiðsluaðlögunartímabilinu loknu. Ef skuldari heldur eftir fasteign á tímabili greiðsluaðlögunar, getur skuldari þegar minna en þrjár mánuðir eru eftir af tímabilinu, leitað eftir því að veðréttindi sem standa til tryggingar veðskuldum og nema hærri fjárhæð en markaðsverðmæti hennar, verði afmáð af eigninni að uppfylltum skilyrðum laga. Í því felst að sé eign yfirveðsett, er hægt að breyta veðkröfum sem eru umfram söluverðmæti eignarinnar, í óveðtryggðar kröfur og hljóta þær þá almennt sömu eftirgjöf og aðrar samningskröfur í greiðsluaðlögunarsamningi. Beiðni um afmáningu veðkrafna af fasteign er lögð fram hjá sýslumanni.

ER HÆGT AÐ BREYTA, RIFTA EÐA ÓGILDA SAMNING UM GREIÐSLUAÐLÖGUN?

Breyting á samningi að kröfu skuldara:

Skuldari getur krafist þess að gerðar verði breytingar á samningi ef á greiðsluaðlögunartímabili koma upp ófyrirsjáanlegar aðstæður sem veikja getu hans til þess að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum.

Nánari upplýsingar um ferlið má finna á vefsíðu embættisins. Embættið hvetur einstaklinga sem lenda í vandræðum með greiðslur á samningi eða sjá ekki fram á að geta staðið við eftirstöðvar skulda við lok greiðsluaðlögunar að leita til embættisins.

Breyting á samningi að kröfu kröfuhafa:

Kröfuhafi getur krafist þess að gerðar verði breytingar á samningi ef fjárhagsstaða skuldara batnar umtalsvert á greiðsluaðlögunartímabilinu. Hafi fjárhagsstaðan batnað vegna þess að skuldari hafi fengið í hendur háa fjárhæð getur kröfuhafi krafist þess að fénu verði skipt að hluta eða fullu á milli kröfuhafa. Umboðsmaður skuldara tekur afstöðu til kröfunnar.

Riftun eða ógilding samnings:

Kröfuhafi getur krafist þess að samningi verði rift eða hann ógiltur ef skuldari hefur vanrækt verulega skyldur sínar samkvæmt samningnum. Slíka kröfu þarf kröfuhafi að hafa uppi fyrir dómi í einkamáli á hendur skuldara.

Upplýsingaskylda skuldara gagnvart kröfuhöfum

Sú skylda er lögð á skuldara í lögum um greiðsluaðlögun, að upplýsa kröfuhafa, ef upp koma aðstæður sem veita þeim rétt til að krefjast breytinga á samningi um greiðsluaðlögun, ógildingu hans eða riftun. Þetta þýðir t.d. að ef fjárhagsstaða skuldara batnar umtalsvert, ber honum að upplýsa kröfuhafa um það.

HVAÐA ÁHRIF HEFUR GREIÐSLUAÐLÖGUN?

Fyrirtækið Creditinfo hefur heimild samkvæmt starfsleyfi, að skrá upplýsingar á vanskilaskrá um að innköllun hafi verið gefin út í Lögbirtingablaði vegna greiðsluaðlögunar. Creditinfo hefur heimild til að hafa þá skráningu í eitt ár. Þegar Creditinfo hefur afskráð upplýsingarnar af vanskilaskrá, mun það nýta upplýsingar um greiðsluaðlögunina í eitt ár, til lækkunar í láns hæfismati.

Fjármálafyrirtæki, lánveitendur o.fl., geta fylgst með auglýsingum um innkallanir vegna greiðsluaðlögunar í Lögbirtingablaði og skráð hjá sér að einstaklingur hafi leitað greiðsluaðlögunar, sem getur haft áhrif á láns hæfismat.

Þegar samningur um greiðsluaðlögun hefur tekið gildi, getur skuldari óskað eftir því að færslur um vanskil þeirra krafna sem varða samninginn, verði afmáðar af vanskilaskrá.

Óski skuldari eftir láni að nýju, að lokinni greiðsluaðlögun, geta lánveitendur skoðað ýmsa þætti við mat á hvort lán verði veitt, s.s. greiðslumat, láns hæfismat, hvort hagur viðkomandi hafi vænkast, hvort lánveitandi veitti eftirgjöf í greiðsluaðlögun og ef svo er, hvenær eftirgjöfin fór fram.


HVERJIR ERU KOSTIRNIR VIÐ GREIÐSLUAÐLÖGUN?

- Með samningaviðræðum í úrræði greiðsluaðlögunar sýnir skuldari viðleitni til að semja og efna skuldbindingar sínar.
- Ef greiðslugeta er til staðar og samningur tekur gildi, greiðir skuldari eina afborgunarfjárhæð á mánuði á tímabili greiðsluaðlögunar, þar sem hlutaðeigandi banki sér um að miðla greiðslum milli kröfuhafa í samræmi við greiðsluáætlun.
- Með samningi um greiðsluaðlögun er hægt að ná jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þegar skuldari er í verulegum fjárhagserfiðleikum, án þess að þurfa að leita afdrifaríkari leiða á borð við gjaldþrotaskipti.
- Hægt er óska eftir breytingu á samningi ef aðstæður skuldara breytast á greiðsluaðlögunartímabili.
- Með samningi um greiðsluaðlögun eru kröfur ekki lengur í vanskilum.

Á vefsíðu umboðsmanns skuldara www.ums.is er hægt að lesa um helstu leiðir til lausnar á skuldavanda.

Á vefnum má einnig nálgast fjölbeyttan fróðleik um fjármál.

FERLI GREIÐSLUAÐLÖGUNAR



Facebook
www.ums.is



512-6600
800-6600



Kringlunni 1,
103 Reykjavík

Opið virka daga 9:00 – 15:00